

Viðmiðunarreglur fyrir frístundaheimili Kerhólsskóla

Samþykktar á fundi fræðslunefndarnefndar 6. desember 2022

Staðfestar af Sveitastjórn (dagsetning)

Þjónusta og starfsemi

1. Frístundarheimilið er starfrækt af Kerhólsskóla og fylgir heildarstefnu hans.
2. Frístundaheimilið er fyrir börn í 1.-4. bekk Kerhólsskóla og elsta hóp leikskóla eftir ákvörðunum stjórnenda skólans.
3. Frístundarheimilið fylgir *viðmiðum um gæði frístundastarfs* sem ætlað er öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla. (samkvæmt grunnskólalögum 33. gr.).
4. Starfstími frístundaheimilis miðast við skólaárið/skóladagatalið eins og það er hverju sinni. Að auki er opið í allt að tvær vikur eftir að skóla er slitið að vori og opnað aftur allt að tveimur vikum fyrir skólasetningu.
5. Daglegur opnunartími er frá því kennslu yngstu barnanna lýkur á daginn til kl. 16.15.
6. Frístundaheimilið er starfandi á sama tíma og grunnskóladeildin og lokuð aðra daga þ.e. í jóla,- páska- og vetrarfríum, starfsdögum kennara og þá daga sem foreldraviðtöl fara fram.
7. Frístundaheimilið er staðsett í Frístundamiðstöð sveitarfélagsins og tekur aðstaðan mið af þeirri starfsemi sem þar fer fram. Samráð er haft við Heilsu- og tómstundafulltrúa um nýtingu á húsnæðinu.
8. Skráð börn í frístund fá öll hressingu.

Gjaldskrá og skráning

9. Sjá samþykta gjaldskrá á heimsíðu Kerhólsskóla, www.kerholsskoli.is
10. Forskráning á frístundaheimilið fer fram á vorin.
11. Staðfest skráning gildir út allt skólaárið. Felur hún í sér tímann sem barnið er í frístund á hverjum degi, sem foreldri greiðir fyrir samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á skráningu er 1 mánuður.
12. Skólaritari sér um innritun og skráningu tíma. Foreldrar hafa samband við skólaritara vegna veikinda eða annarra forfalla.
13. Öll þau börn sem skráð eru á vorin fá inni í frístund ef nægjanlega mikið af starfsfólki fæst til starfa.

Starfsmenn og skipulag

14. Skólastjóri sér um rekstur frístundaheimilis og ber ábyrgð á starfi þess í faglegu samstarfi við *Heilsu- og tómstundafulltrúa* sveitarfélagsins. Fagstarf frístundaheimilis er í samræmi við samþykktar stefnur sveitarfélagsins er það varðar.
15. Skólastjóri sér um að meta starfsmannapörf með það í huga að starfsmannafjöldi sé í samræmi við það starf sem er í gangi hverju sinni, fjölda nemenda og fjölda þeirra nemenda sem þurfa á séraðstoð að halda.
16. Æskilegt er að á frístundaheimilinu starfi minnst einn uppeldismenntaður starfsmaður.
17. Að jafnaði starfa 2 starfsmenn á frístundaheimilinu miðað við lágmarksstarfsemi sem eru þrjú börn.
18. Miðað er við vorskráningu þegar starfsfólk er ráðið.
19. Tekið er mið af aðstöðu frístundaheimilis og fjölda starfsmanna á hverjum stað þegar fjöldi barna er takmarkaður.
20. Ef ekki er hægt að taka á móti öllum börnum vegna starfsmanna skorts þá ganga yngstu börnin fyrir í frístund, þ.e.a.s. 1. bekkur fær fyrst inn, síðan 2. bekkur svo 3. bekkur og síðastur er 4. bekkur.